

Ed.

442. Nefndarátt

um f.v. til laga um breyting á lögum nr. 11, 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið sje samþykkt með þeirri breytingu, að umsjónarmaður kirkjugarðsins í Reykjavík skuli setja tryggingu fyrir fjárgæslu

þeirri, er hann hefir á hendi fyrir ríkissjóð, og meti fjármálaráðuneytið þá tryggingu. Nefndin ætlast til, að lögin komi i gildi 1. júlí 1928.

Flytur því nefndin svo látandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. 1. gr. frv. skal orða svo:

2. gr. laga nr. 11, 4. júní 1924, skal orða svo:

Umsjónarmaður kirkjugarðsins í Reykjavík innheimtir legkaupið, og fylgir því lögtaksrjettur. Fjármálaráðuneytið setur reglur um fjárskil og bókhald, metur tryggingu, er umsjónarmaður setur fyrir fjárgæslu, og ákveður þóknun til hans fyrir innheimtöna.

2. 2. gr. skal orða svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Alþingi, 9. mars 1928.

Jón Baldvinsson,
form. og frsm.

Jón Þorláksson.

Ingvar Pálmason,
fundaskrifari.